



Skipulags- og byggingardeild Kópavogs
b.t. skipulagsstjóra
Digranesi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 25.05.2021

Efni: Umsögn Veitna vegna skipulagslýsingar vegna 3. áfanga Arnarnesvegar.

Veitur hafa rýnt skipulagslýsingu að 3.áfangi Arnarnesvegar. Skipulagslýsingin nær til hluta Arnarnesvegar frá gatnamótum Arnarnesvegar og Rjúpnavegar að fyrirhuguðum gatnamótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar og veghelgunarsvæða hans. Hluti veghelgunarsvæðis Arnarnesvegar er innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkur en stærsti hluti vegarins liggur innan sveitafélagsmarka Kópavogs

Veitur vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Með tilkomu 3. áfanga Arnarnesvegar eru Veitur að skoða legu hitaveitu og rafmagns meðfram nýjum vegi. Veitur koma til með að leggja nýjar stofnlagnir utan veghelgunarsvæðis en munu þó þurfa að þvera Arnarnesveg á einum stað.

Veitur leggja áherslu á mikilvægi samráðs frá fyrstu stigum skipulagsferlisins til samþykktar. Jafnframt óska Veitur eftir upplýsingum um áform og tímasetningar svo hægt sé að huga að nauðsynlegri samþættingu við framkvæmdir.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026